



364. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal C, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 5. desember 2024 kl. 16:15.

Mætt: Lárus L. Blöndal forseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Hörður Þorsteinsson gjaldkeri, Daníel Jakobsson, Elsa Nielsen, Hafsteinn Pálsson, Kári Mímisson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs.

Á Microsoft Teams: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti.

Forföll: Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hjördís Guðmundsdóttir, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Viðar Garðarsson.

Forseti setti fund og stýrði honum.

Dagskrá:

Að mati forseta höfðu Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson og Valdimar Leó Friðriksson ekki hæfi til að fjalla um og ákvarða um fyrsta lið fundarins, Úlfur og Valdimar Leó vegna starfa þeirra sem framkvæmdastjórar sérsambanda og Olga vegna fjölskyldutengsla við einstakling. Þau viku því af fundi fyrir 1. dagskrárlíð.

1. Afrekssjóður ÍSÍ

Daníel Jakobsson formaður Afrekssjóðs ÍSÍ kynnti tillögu að úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ fyrir árið 2025. Hann fór yfir allt ferlið en vinna við útreikninga og undirbúning hófst mun fyrr en áður.

Varðandi flokkun sérsambanda í afrekssambönd og verkefnasambönd þá voru Júdosamband Íslands og Karatesamband Íslands færð niður um flokk og Blaksamband Íslands var fært upp um flokk.

Daníel fór vel yfir samanburð á milli ára, varðandi úthlutanir til sérsambanda vegna einstaklinga og verkefna.

Framlögð tillaga Afrekssjóðs ÍSÍ um úthlutun fyrir árið 2025 samþykkt samhljóða.

Samtals hljóðar úthlutunin upp á 519,4 milljónir króna. Áætlaður heildarkostnaður afreksstarfs hjá þeim sérsamböndum sem sóttu um til Afrekssjóðs ÍSÍ vegna ársins 2025 er um 3,4 milljarðar króna og er stuðningur sjóðsins um 15,1% af áætluðum heildarkostnaði. Umsóknir bárust frá 33 sérsamböndum og hjóta 32 sérsambönd styrk við þessa úthlutun.

Olga, Úlfur og Valdimar Leó komu aftur til fundar.

2. Samantekt skrifstofu

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni skrifstofu, sbr. samantekt sem fylgdi fundargögnum. Nýlega var haldinn góður stöðufundur með fulltrúum mennta- og barnamálaráðuneytis vegna þeirra verkefna sem samningar gilda um á milli ÍSÍ og ráðuneytis.

3. Fjármál

Íslensk getsþá hefur tilkynnt um auka arðgreiðslu til eigenda fyrirtækisins, þ.e. ÍSÍ, UMFÍ og Öryrkjabandalagsins. Heildarupphæð arðgreiðslunnar er 500 milljónir króna. Arðgreiðslunni er skipt upp til eigenda eftir eignarhlutum. Eignarhlutur ÍSÍ er 46,67% og fær því ÍSÍ krónur 233.350.000,- af arðgreiðslunni. Auka arðgreiðslunni verður ráðstafað eins og reglugerð segir til um, en helmingur fer í Viðhalds- og byggingasjóð ÍSÍ og helmingi er skipt samkvæmt hefðbundinni skiptingu.

Andri Stefánsson kynnti stöðu framkvæmda við Íþróttamiðstöðina en á árinu 2024 er gert fyrir að kostnaður vegna jarðskjálftastyrkinga og vegna loftræstingar geti numið allt að 30 m.kr. Óskaði hann jafnframt eftir heimild til að sá kostnaður yrði greiddur af Viðhalds- og byggingasjóði, eins og lagt var

upp með áður en framkvæmdir hófust. Samþykkt samhljóða að heimila að allt að 30 milljónir verði greiddar af sjóðnum vegna þessara framkvæmda.

4. Svæðisstöðvar

Stjórn Hvatasjóðs íþróttahéraða er nú fullskipuð:

Frá ÍSÍ: Þórey Edda Elísdóttir og Gunnar Bragason.

Frá UMFÍ: Ragnheiður Högnadóttir og Guðmundur Sigurbergsson.

Frá mennta- og barnamálaráðuneyti: Óskar Þór Ármannsson.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir meðstjórnandi og formaður vinnuhóps ÍSÍ um góða stjórnarhætti, óskaði eftir því að bókað yrði formlega að hún dragi hæfi Guðmundar Sigurbergssonar um setu í stjórn Hvatasjóðs verulega í efa þar sem hann sitji ekki eingöngu í stjórn UMFÍ heldur sé einnig formaður UMSK sem og framkvæmdastjóri Umf. Fjölnis.

Samþykkt að vinna greiningu á breytingum á fjármagni til íþróttahéraða í kjölfar breytinga á útdeilingu lottófjár frá UMFÍ og ÍSÍ og skoða leiðir til að koma til móts við smæstu héruðin, sem hafa orðið fyrir mestri skerðingu.

5. Málafni afreksíþróttar

Þann 22. nóvember sl. skrifaði ÍSÍ undir samning við mennta- og barnamálaráðuneytið þar sem fram kemur að framlag ráðuneytisins til ÍSÍ hækkar um 637 m.kr. árið 2025 frá fyrra ári vegna innleiðingar á nýju fyrirkomulagi afreksmála sem byggir á áherslum í skýrslu starfshóps um stöðu og réttindi afreksíþróttafólks. Eru væntingar til þess að þetta nýja fjármagn verði fyrsta skrefið í að styrkja verulega umhverfi afreksíþróttastarfs á Íslandi.

Umræður urðu um skiptingu á nýsamþykktu viðbótarframlagi til afreksíþróttar á fjárlögum 2025, út frá þeim áherslum sem koma fram í skýrslu starfshóps mennta- og barnamálaráðuneytis. Reynt verður að hraða þeirri afgreiðslu eins og unnt er.

Mikilvægt er að þessi hækkun á framlagi til afreksmála skili sér inn í fjármálaáætlun ríkisins.

6. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 363. fundar framkvæmdastjórnar ÍSÍ
- Fundar laganefndar ÍSÍ frá 28. nóvember 2024 – Tillögur laganefndar um afgreiðslu mála samþykktar.
- 324. og 325. fundar Afrekssjóðs ÍSÍ.

7. Næstu fundir

Næstu fundir verða haldnir 9. janúar, 30. janúar og 20. febrúar 2025.

8. Önnur mál

Sundmannvirkjaskrá SSÍ

Lögð fram Sundmannvirkjaskrá sem Sundsamband Íslands hefur unnið. Um er að ræða yfirgripsmikla skrá sem er vel unnin og til fyrirmyndar.

Smáþjóðaleikar í Andorra 2025

Olga Bjarnadóttir lagði fram fyrirspurn varðandi aðkomu stjórnarfólks ÍSÍ að Smáþjóðaleikunum sem fram fara í Andorra næsta vor. Framkvæmdastjóri sagði að stefnt yrði að viðveru stjórnarfólks á leikunum líkt og á fyrri leikum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari